

Hönd í hönd

greinargerð með námsefni

Elfa Dröfn Stefánsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Desember 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Hönd í hönd

greinargerð með námsefni

Elfa Dröfn Stefánsdóttir

030882 - 5399

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Desember 2009

Leiðsögukenari: Elfa Lilja Gísladóttir, tónlistarkennari.

Ágrip

Verkefnið *Hönd í hönd, kennsluefni í heimstónlist fyrir leikskólabörn* er lokaverkefni mitt til B.ed-gráðu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Markmið kennsluefnisins er að styðja við geisladiskinn *Úr vísnaþók heimsins* sem Rauði kross Íslands gaf inn á hvern leikskóla árið 2005. Diskurinn var gerður að frumkvæði söngkonunnar Ellenar Kristjánsdóttur og Eyþórs Gunnarssonar píanóleikara og fengu þau til liðs við sig hóp barna af erlendu bergi brotin sem búsett eru á Íslandi. Börnin sungu barnalög frá sínu heimalandi og rann allur ágóði af sölu disksins til styrktar hjálparstarfi Rauða kross Íslands í sunnanverðri Afríku.

Í kennsluefninu er bent á leiðir til þess að nýta geisladiskinn í tónlistarstarfi leikskólans og jafnframt hvernig hægt er að nota tónlistina sem kveikju að fræðslu um aðra menningarheima.

Greinargerðinni er ætlað að styðja við verkefnið *Hönd í hönd* og varpa ljósi á tilurð og tilgang þess. Þar má finna fræðilega umfjöllun um tónlistarkennslu ungra barna, fjölmeningarsamfélagið á Íslandi og tengingu við aðalnámskrá.

Efnisyfirlit

Ágrip	5
Efnisyfirlit	7
1. Inngangur	9
1.1 Tilurð námsefnisins <i>Hönd í hönd</i>	9
1.2 Af hverju varð geisladiskurinn <i>Úr vísnaþók heimsins</i> fyrir valinu?	9
2. Tónlistaruppeldi	10
2.1 Hlustun.....	10
2.2 Söngur	11
2.3 Hreyfing	11
2.4 Hljóðfæri og aðrir hljóðgjafar	12
3. Af hverju heimstónlist fyrir börn?	13
3.1 Fjölmenningsamfélagið Ísland	13
3.2 Að kynnast menningu annarra þjóða í gegnum tónlist	13
4. Gildi tónlistarkennslu á leikskólum	14
4.1 Samþætting við annað starf leikskólans	14
4.2 Hvað er tónlist fyrir börnum – svör barna.....	15
5. Lokaorð og þakkir	17
6. Heimildaskrá	18

1. Inngangur

Börn eru í eðli sínu skemmtileg, lífsglöð, forvitin, fróðleiksfús og laus við fordóma. Oftar en ekki hafa börn yndi af því að syngja, dansa, spila og leika sér. Þau eru opin, jákvæð og fljót að tileinka sér nýja hluti. Með leikskólabörnum gefast mörg skemmtileg tækifæri á því að flétta námsþættina tónlist og hreyfingu saman við starf og leik.

1.1 Tilurð námsefnisins *Hönd í hönd*

Þegar ég fór að velta fyrir mér hvað ég vildi gera í lokaverkefni mínu fann ég fljótt að mig langaði til að skapa eitthvað sem gæti nýst við tónlistarkennslu á leikskólum. Ég starfaði sjálf á leikskóla um nokkurra ára skeið og hugsaði oft um það hversu mikið mig langaði til að vinna með tónlist á markvissari hátt með börnunum. Að mínu mati hefði tónlistarstarfið getað verið fjölbreyttara og metnaðarfullra en að syngja leikskólalögin og spila Latabæ af geisladiski. En þrátt fyrir að mig þyrsti í meiri fjölbreytni þá rakst ég á vegg því ég vissi ekki hvernig ég ætti að bera mig að. Á þessum tíma hefði námsefni í tónlist fyrir leikskóla verið kærkomið. Þetta er aðalástæða þess að ég valdi að útbúa kennsluefnið *Hönd í hönd* og hinn ungi, óreyndi, músíkalski leikskólaleiðbeinandi, sem ég var, var mér ofarlega í huga í gegnum allt ferlið.

Á síðustu árum hefur sem betur fer bæst í flóruna hvað varðar tónlistarefni fyrir leikskóla og þar ber helst að nefna nýútkomið námsefni Elfu Lilju Gísladóttur tónlistarkennara, *Hring eftir hring* sem er langþráð og kærkomin viðbót. Mér finnst ég því hafa verið afar lánsöm að fá hana nöfnu mína til að leiðbeina mér við vinnu míns námsefnis.

1.2 Af hverju varð geisladiskurinn *Úr vísnaþók heimsins* fyrir valinu?

Upphaflega hugmynd þessa verkefnis var að leita uppi barnalög, helst þjóðlög, sem kæmu víðsvegar að úr heiminum. Leit mín fór fram á veraldarvefnum og í plötubúðum en mér fannst ég ekki finna það sem ég var að leita að þar til fyrrum kennari minn á tónmenntakjörsviði kennaradeildar menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Kristín Valsdóttir, benti mér á diskinn *Úr vísnaþók heimsins*. Þegar ég fór að kynna mér tilurð diskins komst ég að því að Rauði kross Íslands hefði gefið öllum leikskólum landsins

eintak af disknum. Ég velti því fyrir mér hvort og hvernig leikskólarnir nýttu sér diskinn og hvort mögulegt væri að þessi perla lægi uppí hillu og safnaði ryki þar sem enginn vissi almennilega hvernig hægt væri að nýta tónlistina til kennslu. Það fannst mér alveg ótækt og hófst handa.

Það er einlæg von mín að námsefnið *Hönd í hönd* geti gagnast einhverjum sem er í sömu sporum og ég var fyrir nokkrum árum. Það er takmarkið ásamt því að gefa börnum tækifæri á því að kynnst fjölbreyttri tónlist og menningu annarra þjóða.

2. Tónlistaruppeldi

“Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana. Helstu þættir í tónlistariðkun barna í leikskóla eiga að vera söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa.” (Menntamálaráðuneytið, 1999:24).

2.1 Hlustun

Á fyrstu árum barnsins er mikilvægt að vekja athygli þess á hljóðheiminum í kringum það og hvetja það til að hlusta eftir hljóðum í náttúrunni, á heimilinu og í umferðinni, svo dæmi séu tekin, með það að markmiði að barnið læri að hlusta á heiminn en ekki einungis horfa á hann (Menntamálaráðuneytið, 1999:25).

Tónlist er oft notuð til að mynda stemningu, til dæmis sem hvetjandi tónlist í stórmarkaði rétt fyrir lokun eða lágstemmd og róandi í leikskóla. Við slíkar aðstæður fær tónlistin ekki mikla meðvitaða athygli. Þegar hlustað er á tónlist af athygli smýgur hún inn í merg og bein hefur bein áhrif á okkur. Það er tvennt ólíkt að heyra og að hlusta.

Markviss hlustun er dýrmætur hluti tónlistarkennslu, sama um hvaða aldur ræðir. Hún felst í því að hlusta eftir ákveðnum þáttum í tónlist eða að segja frá upplifun sinni af tónlistinni. Það að setjast niður, loka augunum og hlusta á tónlist getur opnað fyrir börnum töfraheim og örvað ímyndunaraflið. Í listgreinahluta aðalnámskrár grunnskóla er hlustun sögð rauði þráðurinn í öllu tónlistarnámi og að engin tónlistarvinna fari fram án virkrar hlustunar (Menntamálaráðuneytið, 2007:23).

2.2 Söngur

Manninum er eðlilegt að tjá sig í gegnum söng. Það sést best á því að allt frá fæðingu eru börn að prófa sig áfram með röddina. Fyrstu hljóð ungbarna, grátur og hjal, þróast fljótlega í hjal sem líkja má við söng að því leyti að þar má heyra ákveðnar endurtekningar og tóna í hjalinu. Ef maður staldrar við og hlustar á ung börn leika sér tekur maður gjarnan eftir því að þau söngla og hjala í gegnum leikinn (Philips, 1996:69-70). Söngur er stór hluti af daglegu starfi leikskólans og oftast en ekki eru þar skipulagðar söngstundir þar sem börnin koma saman og syngja leikskólalögin fullum hálsi. Þetta er af hinu góða því það eflir samkennd barnanna og persónutengsl að vera hluti af stórum hóp þar sem allir kunna að syngja sama lagið (Goodkin, 2002:31).

Mikilvægt er að lagaval sé fjölbreytt, höfði til barnanna og hæfi þroska þeirra. Að auki skal tekið tillit til tónsviðs barna (Menntamálaráðuneytið, 1999:24). Óþroskuð barnsröddin er bjartari en rödd fullorðinna og liggur á hærra tónsviði. Því er afar mikilvægt að kennari syngi hvorki of sterkt né of djúpt með börnum, heldur lagi sig að raddsviði þeirra og noti höfuðröddina (Elfa Lilja Gísladóttir, 2009:28-29). Henti tónsviðið kennaranum illa gæti verið gott að leiða sönginn að hluta með látbragði án þess að syngja með hástöfum, því mestu máli skiptir að tónsviðið henti börnunum svo þau fái notið sín í söngnum.

2.3 Hreyfing

Börn eru orkumikil og hafa mikla þörf fyrir hreyfingu. Það er einn af frumþáttunum í aðferðum þeirra við að kynnast heiminum (Goodkin, 2002:61-63).

Börn eru mjög skapandi í hreyfingum sínum og nýta sér óspart fjörugetu ímyndunarafli sítt. Þennan frumleika er gaman að nýta sér í starfi með börnum. Hægt er að skoða hvernig við myndum hreyfa okkur værum við til dæmis fiskur í vatni, blóm í haga, trjáhrísli í vindi, grýlukerti í frostinu eða hvað okkur dettur í hug? Það er einnig hægt að tvinna saman markvissa hlustun og hreyfingu með því að fá börnin til að túlka með hreyfingum það sem þau upplifa í tónlistinni. Með því geta skapast heilu ævintýrin.

Mikilvægt er að í leikskólum fái börnin rými og tækifæri til þess að dansa og hreyfa sig og að þau séu hvött til að tjá upplifun sína af tónlist með frjálsri túlkun og skapandi hreyfingu (Menntamálaráðuneytið, 1999:25).

2.4 Hljóðfæri og aðrir hljóðgjafar

Í aðalnámskrá leikskóla (1999:25) kemur fram að leikskólabörn þurfi að hafa aðgang að margskonar hljóðfærum og leggja skuli áherslu á hljómgæði þeirra. Áður en farið er að spila á hljóðfæri með börnum er afar mikilvægt að kynna þeim hvernig ganga skal um þau. Hljóðfæri eiga ekki að vera leikföng og börnin ættu að læra að bera virðingu fyrir þeim. Þetta þýðir þó ekki að hljóðfæravinna geti ekki verið skapandi og innihaldið frjálsa túlkun.

Fyrstu hljóðgjafar sem börn komast í kynni við eru ásláttarhljóðfæri og til að mynda eru hristur oft fyrstu leikföng ungbarna. Hljóðfæri eins og trommur, hristur, stafir, og þríhorn henta ungum börnum vel því þau passa vel í litlar hendur og auðvelt að spila á þau. Auk þess eru þau létt og meðfærileg sem býður uppá marga möguleika, eins og að hreyfa sig á meðan spilað er. Ásláttarhljóðfæri þurfa heldur ekki að kosta ekki mikið og einnig er nokkuð auðvelt að búa þau til sjálf (Elfa Lilja Gísladóttir, 2009:83; Goodkin, 2002:79-81).

Aðrir hljóðgjafar geta verið af ýmsum toga. Kroppaklapp er skemmtilegt að nota með börnum en þá notum við líkamann sem hljóðgjafa, stöppum í gólfíð og klöppum líkamann, smellum fingrum og notum röddina til búa til hljóð. Það er einnig hægt að leita að hljóðgjöfum á skólalóðinni. Hvernig heyrir til dæmis ef við drögum prik eftir girðingunni eða ef við hoppum í polli? Möguleikarnir eru nær óþrjótandi.

3. Af hverju heimstónlist fyrir börn ?

Heimstónlist er vítt hugtak sem hægt að skilgreina á ýmsan hátt. Að mínum skilningi er heimstónlist tónlist alls staðar að úr heiminum sem ýmist er þjóðlagatónlist eða hefur einhverja skírskotun í þann menningarheim sem hún er sprottin úr. Þegar við heyrum heimstónlist ættum við því, ef heppnin er með okkur, að fá örlitla innsýn í þjóðarsál þess lands sem hún kemur frá. Hluti af tónlistararfi hvernar þjóðar er tónlist ætluð börnum. Þetta eru til að mynda barnagælur og vögguvísur og á þessi angi heimstónlistar fullt erindi við íslensk börn í dag svo þau fái bæði tækifæri á að kynnast fjölbreytileika heimsins og því hversu lík við erum þrátt fyrir allt.

3.1 Fjölmeningarsamfélagið Ísland

Á Íslandi er vaxandi hópur barna af erlendum uppruna. Sum hafa flust hingað til lands með foreldrum sínum og önnur eru ættleidd hingað af íslenskum kjörforeldrum sínum. Þessi börn eru hluti af því fjölmeningarsamfélagi sem hefur vaxið hratt á síðustu árum og gerir það að verkum að barnahópar leikskólanna verða æ fjölbreyttari hvað varðar til dæmis litarhátt, tungumál og menningu. Í skýrslu Hagstofu Íslands um innflytjendur og einstaklinga með erlendan bakgrunn frá árinu 2009 segir að þann 1.janúar 2008 hafi hlutfall innflytjenda á Íslandi verið 8.1% mannfjöldans eða 25.256 manns. Til samanburðar var fjöldi innflytjenda 5.357 talsins árið 1996 eða einungis 2% landsmanna (Hagstofa Íslands, 2009:1). Það verður því sífellt mikilvægara að á leikskólum sé unnið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt með fjölbreytileika mannlífsins með það að leiðarljósi að börnin læri að bera virðingu fyrir menningu og tungumáli þjóða heimsins og séu jafnframt stolt af sinni eigin þjóð og menningararfi.

3.2 Að kynnast menningu annarra þjóða í gegnum tónlist

Tónlist er eitt elsta tjáningarform mannsins og hefur þróast með honum í gegnum aldirnar. Hún er því samofin menningu þjóða heimsins og með því að kynna börnum tónlist annarra þjóða auðveldum við þeim að kynnast menningu þess samfélags sem hún er sprottin úr. Tónlist er sameiningartákn og það sést best á því að hópar fólks með ólíkan bakgrunn og tungumál geta sameinast í tónlistarflutningi. Hún spilar því oft en ekki

gríðarlega stóran þátt í hópamyndun og getur jafnvel átt þátt í að minnka fordóma. Tónlistin er í eðli sínu landamæralaus.

4. Gildi tónlistarkennslu á leikskólum

Tónlist skiptir miklu máli í öllu skólasterfi, þetta er nokkuð sem fólk gerir sér sífellt betur grein fyrir. Það að vera fær um tónsköpun og að hlusta á tónlist er ákaflega gott veganesti út í lífið vegna þeirra kosta sem fylgja. Tónlistarnám barna veitir þeim ánægju, ýtir undir sjálfstraust þeirra, sköpun, sjálfsrækt, þekkingu og mannúð og opnar jafnframt huga þeirra fyrir menningu annarra þjóða. Einstaklingurinn styrkir sjálfið með tónlistarupplifun og sköpun (Elliot, 1995:236).

4.1 Samþætting við annað starf leikskólans

„Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag” (Aðalnámskrá leikskóla 1999:19).

Með tónlistarkennslu er auðvelt að sameina öll námssvið leikskóla því hægt er að tengja tónlist við flest allt sem við tökum okkur fyrir hendur. Í námsefninu *Hönd í hönd* er bent á nokkrar leiðir til þess að samþætta tónlist við annað starf leikskólans svo sem með því að nýta tónlist sem innblástur við myndsköpun, sem kveikju að fræðslu um menningarsamfélag annarra þjóða og einnig fræðslu um náttúru og umhverfi.

4.2 Hvað er tónlist fyrir börnum? - svör barna

Ég lagði nokkrar spurningar um tónlist fyrir 4-6 ára börn og það er gaman að sjá hversu jákvæð þau eru í garð tónlistar. Þessi könnun var framkvæmd á mjög svo óformlegan hátt þar sem ég sendi spurningarnar öllum þeim sem ég vissi að ættu ung börn, vinum mínum, systkinum og frændfólki um allt land, og bað þau um að leggja þær fyrir börn sín. Foreldrarnir fengu þau tilmæli að svörin ættu að koma orðrétt frá börnunum og það skipti ekki máli hvort svarið væri eitt eða fleiri orð. Einnig ætti aldur barnsins að fylgja með. Þetta er fyrst og fremst hugsað til gamans og til að fá sjónarhorn barna úr ýmsum áttum á hugtakinu tónlist.

1. Hvað er tónlist?

- Það er þegar maður er að syngja og dansa. (5 ára stelpa)
- Blá. (4 ára strákur)
- Af hverju ertu að spyrja? Þekkirðu ekki tónlist? Tónlist þýðir að maður er að spila eitthvað. (4 ára stelpa)
- Hljóðfæri sem er að spila saman og söngur kannski. (6 ára stelpa)
- Tæki. (4 ára stelpa)
- Eitthvað fint. (5 ára strákur)
- Músík. (4 ára stelpa)
- Söngur? Dans? (5 ára stelpa)

2. Hvernig líður þér þegar þú hlustar á tónlist eða syngur?

- Mér líður vel. (5 ára stelpa)
- Vel. (4 ára strákur)
- Mér finnst það æðislegt! (4 ára stelpa)
- Vel. (6 ára stelpa)
- Það er gaman, ég er glöð að syngja. (4 ára stelpa)
- Mér líður vel. (5 ára strákur)
- Mér finnst það skemmtilegt. (4 ára stelpa)
- Vel, af því ég er að hlusta og það er skemmtilegt. (5 ára stelpa)

3. Hvernig heldur þú að lífið væri ef það væri engin tónlist til?

- Þá liði mér illa. (5 ára stelpa)
- Ekki gott (4 ára strákur)
- Þá myndi vera enginn söngur. (4 ára stelpa)
- Erfitt. Maður verður að geta spilað og sungið. (6 ára stelpa)
- Lífið væri bara í fýlu.... (4 ára stelpa)
- Þá væri ég leiður. (5 ára strákur)
- Leiðinlegt. (4 ára stelpa)
- Þá myndi mér líða illa af því að það væri ekki hægt að hlusta á tónlist og ekki hægt að hlusta á Söngvaseið. (5 ára stelpa)

4. Er gott að hafa tónlist?

-Jamm. (5 ára stelpa)

-Já, bláa tónlist. (4 ára strákur)

-Já, já. (4 ára stelpa)

-Já. (6 ára stelpa)

-Já, til að maður geti sofnað! (4 ára stelpa)

-Já (5 ára strákur)

-Já, því þá get ég alltaf sungið. (4 ára stelpa)

-Jább! Af því Söngvaseiður er svo fallegur og fyndinn og skemmtilegur. (5 ára stelpa)

5. Lokaorð og þakkir

Tónlist er og hefur ætíð verið stór hluti af lífi mínu. Ég tel mig lánsama að hafa fengið að alast upp við fjölbreytta tónlist, söng og tónlistariðkun og síðar njóta góðrar leiðsagnar frá tónlistarkennurum. Þetta er nokkuð ég tel að hafi mótað mig fyrir lífstíð. Að mínu mati er mikilvægt að tónlistarkennslu ungra barna sé gefinn sérstakur gaumur því öll börn ættu að hafa jafnan rétt á að kynnst þeirri töfraveröld sem tónlist er.

Vinnan við gerð þessa lokaverkefnis hefur verið ævintýraferð allt frá upphafi hugmyndavinnu til lokaútkomu. Ég hef orðið margs vísari og kynnst hinum gríðarstóra og stórskemmtilega menningarheimi tónlistarinnar betur en ég hefði annars gert.

Fyrir það er ég þakklát. Ég er einnig þakklát þeim fjölmörgu sem hafa aðstoðað mig á einn eða annan hátt á þessu ferðalagi.

Eftirtöldum aðilum langar mig að færa sérstakar þakkir.

- Elfu Lilju Gísladóttur - leiðbeinanda mínum fyrir ómetanlega aðstoð, stuðning, þolinmæði og innblástur.
- Helgu Rut Guðmundssdóttur, Kristínu Valsdóttur og Nönnu Hlíf Ingvarsdóttur fyrir hjálp við hugmyndavinnu, heimildaöflun og almennan innblástur.
- Foreldrum mínum og systkinum fyrir stuðning og aðstoð.
- Jóni Inga Stefánssyni, bróður mínum, fyrir umbrot á námsefni og ráðgjöf.

6. Heimildaskrá

- Árni Böðvarsson. (1992). *Íslenskt málfar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið hf.
- Elfa Lilja Gísladóttir. (2009). *Hring eftir hring: kennsluefni í tónlist og hreyfingu*. Reykjavík: Höfundur.
- Úr vísnaþók heimsins*. (2005). [Geisladiskur]. Reykjavík: Rauði kross Íslands.
- Elliott, David. (1995). *Music Matters*. New York: Oxford University Press.
- Friðrik H. Jónsson / Sigurður J. Grétarsson. (2002). *Gagnfræðakver handa háskólanemum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Goodkin, Doug. (2002). *Play, sing & dance: an introduction to Orff Schulwerk*. Miami: Schott Music Corporation.
- Hagstofa Íslands. (2009). *Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996-2008*. (Mannfjöldi:1). Reykjavík: Höfundur.
- Hargreaves, David J. (1986). *The developmental psychology of music*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Haselbach, Barbara / Nykrin, Rudolf / Regner, Hermann. (1983). *Der Musikater: musik und Tanz für Kinder. Kinderheft 1*. Mainz: Schott.
- Höfele, Hartmut E. / Steffe, Susanne. (2004). *Kindertänze aus aller Welt: lebendige Tänze, Kreis-, Bewegungs- und Singspiele rund um den Globus*. Münster: Ökotopia Verlag.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Bókaútgáfan Æskan ehf.
- Machlis, Joseph / Forney, Kristine. (2003). *The enjoyment of Music: an introduction to perceptive listening*. (9. útgáfa). New York: W.W. Norton & Company, inc.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar*. Reykjavík: Höfundur.

Mills, Janet. (2005). *Music in the school*. New York: Oxford university press.

Philips, Kenneth H. (1996). *Teaching kids to sing*. New York: Schirmer Books.

Vefheimildir:

Allirmed.is. (e.d.). Fjölmennning í leikskólum. Sótt 25. nóvember 2009 af
<http://www.rvk.is/DesktopDefault.aspx/tabid-2712/>